

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Ungmennafélag Njarðvíkur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Ungmennafélag Njarðvíkur, kt. 570179-0209, í samningi þessum nefnt UMFN, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og verkefni

- 1.1. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styðja tímabundið við náms- og ráðgjafaúrræði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Markmið aðgerðanna eru að:
 - tryggja aðgengi að námi á öllum skólastigum og auðvelda íbúum þannig að byggja upp hæfni til framtíðar.
 - tryggja þátttöku barna og ungmenna í frístunda-, tómsunda- og íþróttastarfi yfir sumartímenn.
 - leggja sérstaka áherslu á hæfniþróun og íslenskunám útlendinga, sem eru skv. greiningu Vinnumálastofnunar, stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu.
- 1.2. Verkefnið byggir á niðurstöðum aðgerðahóps sem stofnaður var í kjölfar fundar mennta- og menningarmálaráðherra með íbúum Suðurnesja í Reykjanesbæ 2. apríl 2019. Verkefnið er að bjóða upp á ævintýraskóla í formi leikja og skapandi starfs fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára.
 - Framkvæmdatími verkefnis er júní og júlí 2019.
 - Sérmarkmið verkefnisins er að þátttakendur upplifi skemmtilega og jákvæða hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá kynningu á hreyfingu og íþróttagreinum.
 - Lágmarksfjöldi þátttakenda er 40.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er kr. 1.239.000,-. Ekki er gert ráð fyrir þátttökugjöldum í verkefnið.
- 2.3. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 2.4. UMFN starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni.

3. Ábyrgð

- 3.1. UMFN ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. UMFN skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. UMFN ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. UMFN er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

LDA
Jhh.

